

Kjalarnesi 1.6.2024

Til íbúaráðs Kjalarness

Varðar Lýðheilsumál eldri borgara 60+ á Kjalarnesi

Það tókst ! Núna seinni hluta vetrar, frá miðjum febrúar og út maí, hafa eldri borgurum Kjalarness staðið til boða vikuleg sundleikfimi á miðvikudögum í Klébergslaug og aðra hverja viku, bráðskemmtilegt kaffisþjall með fræðslu og hreyfingu, á fimmtudegi, fyrir sama aldurshóp, nú í félagsstofu Klébergsskóla á Kjalarnesi. Enn og aftur eigið þið og Ragnar Harðarson og Árdís Antonsdóttir verkefnastjóri og félagsráðgjafi á sviði frístunda og félagsauðs hjá Austurmiðstöð Reykjavíkurborgar og síðast en ekki síst Magnea Guðný Ferdinandsdóttir leiðbeinandi í sundleikfimi, hrós skilið fyrir að það raungerðist.

Er það von okkar að framhald verði á þessu þarfapingi í haust og vetur 2024 - 2025. Við í Sundhópnum Esju á Kjalarnesi viljum hér með vekja athygli íbúaráðsins á þessu lýðheilsamáli og viljum að íbúaráðið geri hvað það geti, til að framhald verði á þessum góðu félagslegu stundum fyrir 60+ borgara á Kjalarnesi. Líkamleg heilsa og geðheilsa sí stækkandi hóps eldri borgara er í húfi.

f.h Sundhópsins Esju og 60+

Theodór Theodórsson

Esjugrund 35

116 Kjalarnesi Reykjavík